



Félag áhugamanna um Bátasafn  
Breiðafjarðar á Reykhólum

**Alþingi - nefndasvið  
Austurstræti 12-14  
150 Reykjavík**

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta, 150. löggjafarþing  
2019-2020, þingskjal 306 – 277. mál.**

Bátasafn Breiðafjarðar (Félag áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum) fagnar fram kominni tillögu.

Frá því lög um menningarminjar, nr. 80/2012, voru sett hefur fjárhagslegur stuðningur við varðveislu og verndun skipa og báta verið um 2 milljónir á ári en á sama tíma hefur Húsafirðunarsjóður úthlutað um 200 milljónum árlega til viðhalds húsa og kirkna. Hér þarf að gera betur hvað báta- og skipavernd varðar.

Varðandi „taki saman m.a. yfirlit yfir skip og báta..“ *félagið hefur tekið saman skrá yfir þá báta sem það á og annast og liggur sú skrá fyrir. Félagið tók einnig tekið þátt í gerð Fornbátaskrá sem Samband íslenskra sjóminjasafna gaf út í byrjun árs 2020. Eftir er að taka saman upplýsingar um báta í einkaeigu.*

Varðandi „endurskoðun á aldursmörkum skipa og báta...“ *það er skoðun okkar hjá Bátasafni Breiðafjarðar að hvað varðar trébáta þá sé ekki þörf á að vera með nein sérstök aldursmörk. Smíði báta úr tré til atvinnunotkunar er ekki lengur starfrækt og því ætti friðun trébáta að ná til allra trébáta, sem hafa varðveislugildi.*

Varandi „finna fjárstreymis- eða fjáröflunarleiðir...“ *okkar mat er að til þess að hraða þessari vinnu komi til greina að hafa að fyrirmynd fyrirkomulag og uppbyggingu Húsafirðunarsjóds og Minjaverndunar ehf. sem sameiginlega hafa lyfl grettistaki á sviði húsaverndunar. Einnig eru frændur okkar á norðurlöndum með öflugt starf á þessu sviði og þangað má sækja fyrirmyndir. Einnig viljum við ítreka að mikilvægt er að gæta þess að gert sé ráð fyrir fjármagni í að styrkjaog efla kennslu í báta- og skipasmíði.*

#### **Um Bátasafn Breiðafjarðar.**

Félag var stofnað 31. ágúst 2006. Markmið félagsins eru:

- Safna, skrá, varðveita og sýna muni og minjar sem hafa gildi fyrir sögu báta, bátasmíða og siglinga við Breiðafjörð. Þá skal safnið stuðla að nýsmíði súðbyrðinga, veita þekkingu í því fagi eftir föngum og, efla siglingakunnáttu og halda til haga vitneskju um gamlar siglingaleiðir á Breiðafirði.

Sumarið 2011 hófst samstarf félagsins við Reykhólahrepp og æðarræktarfélagsins Æðarvéa, um rekstur sýningar sem fékk heitið **Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum**. Sýningin er gluggi að skemmtilegum heimi fugla, báta og náttúrunytja Breiðafjarðar. Meðal annars fá gestir að kynna æðarfuglinum á sérstakan hátt og fræðast um gömlu súðbyrðingana með breiðfirska laginu.

Félagið hefur staðið fyrir **Bátadögum** fyrstu helgina í júlí á hverju sumri síðan 2008 utan tveggja ára er þeir féllu niður vegna veðurs. Bátadagarnir hafa verið mörgum bátseigandanum hvatning til að standsetja bátinn og koma og sigla honum undir leiðsögn manna sem eru vanir slíkum bátum. Bátadagarnir hafa því stuðlað að einkonar “vakningu” í varðveislu súðbyrtra báta. Heimamenn hafa miðlað fróðleik um þá staði sem heimsóttir hafa verið.

Félagið hefur frá 2010 boðið upp á **námskeið** í smíði súðbyrtra trébáta. Nú eru námskeiðin haldin í samvinnu við Íðu fræðslusetur. Námskeiðin hafa verið haldin vor og haust og hefur þátttaka verið sæmileg og stundum góð. Námskeið hafa einnig verið haldin á Siglufirði og Akureyri í samvinnu við sjóminjasöfn þar. Í tengslum við námskeiðin hefur félagið gefið út kennslubók með leiðbeiningum um smíði súðbyrðings.

Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna hér; <http://batasmidi.is/>

**Kópavogi, 11. mars 2020**

**F.h. Félags áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar**

  
**Hafliði Aðalsteinsson, formaður**  
**haflidia@centrum.is**